



Samfélags- skýrsla Íslandsbanka

Efnisyfirlit

01	Gerð samfélagsskýrslu	3
02	Stefnuáherslur	5
03	Viðskipti	8
04	Fræðsla	15
05	Umhverfi	18
06	Vinnustaðurinn	26
07	Samfélag	33



Gerð samfélagsskýrslu

Íslandsbanki hefur fylgt alþjóðlegum sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, UN Global Compact, frá árinu 2016. Árin 2015 og 2016 fylgdi bankinn einnig stöðlum GRI G4. Bankinn hefur tekið ákvörðun um að birta skýrsluna í ár sem hluta af ársskýrslu fyrirtækisins og leitast við að einfalda hana. Aftur verður horfið til birtingar á Global Compact skýrslu en leitast verður jafnframt við að skoða enn betur þróun mælikvarða.

Með þátttöku í Global Compact skuldbinda fyrirtæki eða stofnanir sig til þess að vinna að tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna, er varða samfélagslega ábyrgð og styðja helstu markmið. Þátttakendur í Global Compact skila inn skýrslu árlega og gera grein fyrir hvernig innleiðing á grundvallarviðmiðum Global Compact er háttað. Íslandsbanki hefur á síðustu árum skilað framvinduskýrslu um samfélagsábyrgð til UN Global Compact.

Leitað var til utanaðkomandi ráðgjafa sem lokið hafa vottuðum námskeiðum í gerð samfélagsskýrslna á grundvelli aðferðarfræði Global Compact og GRI. Samskiptastjóri Íslandsbanka ritstýrði skýrslunni. Með útgáfu samfélagsskýrslunnar leitast Íslandsbanki við að greina, meta og mæla þau áhrif sem starfsemi hans hefur á umhverfið og samfélagið. Skýrslan er ekki síður gagnleg fyrir starfsfólk bankans. Þannig getur það fylgst vel með framvindu verkefna bankans og með hvaða hætti þau hafa áhrif á samfélagið. Markmið Íslandsbanka var frá upphafi að tengja samfélagslega ábyrgð við allar hliðar daglegrar starfsemi bankans.





Mannréttindi

Viðmið 1

Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

Viðmið 2

Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.



Vinumarkaður

Viðmið 3

Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Viðmið 4

Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

Viðmið 5

Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Viðmið 6

Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.



Umhverfismál

Viðmið 7

Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.

Viðmið 8

Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Viðmið 9

fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni..



Gegn spillingu

Viðmið 10

Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

Stefnuáherslur

Stefnuáherslur Íslandsbanka eru þrjár: Margföldun, Einföldun og Heildun.

Stefnuáherslurnar marka stefnu bankans til næstu ára og styðja við framtíðarsýn hans.

Lykilverkefni bankans hafa verið skilgreind til eins árs í senn. Í þessari skýrslu verður sérstaklega fjallað um Heildun en svo nefnist stefna bankans um samfélagsábyrgð.

Gildin eru kjarni fyrirtækjamenningar Íslandsbanka og móta þau hegðun og hugarfar starfsmanna. Gildi bankans voru mótuð árið 2009 með aðkomu allra starfsmanna á fyrsta stefnufundi bankans. Gildi Íslandsbanka eru þrjú: fagleg, jákvæð og framsýn og hafa þau verið innleidd inn í dagleg störf bankans.

Heildun

Samfélagsstefna Íslandsbanka nefnist Heildun en hún byggir á fimm meginstoðum. Heildun var gerð að einni af stefnuáherslum bankans árið 2013 og gildir til næstu þriggja til fimm ára. Í stefnunni er lögð áhersla á að bankinn hafi jákvæð áhrif á samfélagið, leggi áherslu á heilbrigðan rekstur sem byggir á góðum viðskiptaháttum og bjóði gott og uppbyggilegt vinnuumhverfi.

Áherslur á samfélagsábyrgð og umhverfisþætti fá sifellst meira vægi meðal fjárfesta og viðskiptavina. Starfsmenn mótuðu nýja stefnu um samfélagsábyrgð á stefnufundi árið 2013 og stýrihópar og ráðgjafar unnu að því að skilgreina níu verkefni sem mótuðu heildræna stefnu í samfélagsábyrgð. Haustið 2014 voru þessi níu verkefni kynnt fyrir starfsfólki um land allt á 22 vinnustofum. Innleiðing á stefnunni

hófst síðan undir árslok 2014 og lauk að mestu leyti á árinu 2015. Árlega er gerð könnun á vegum bankans á því hversu vel starfsfólkið þekkir stefnuna. Með því að virkja starfsmenn verða sifellst fleiri í samfélaginu meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðra viðskiptahátta. Þannig getur Íslandsbanki haft áhrif á samfélagið og verið jákvætt hreyfiafl.

Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilum Íslandsbanka er skipt í fjóra hópa: innri hogaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðasamfélagið. Íslandsbanki er í margvíslegum samskiptum við þessa hópa og leggur sig fram við að upplýsa þá vel um starfsemina. Bankinn leggur áherslu á að hvetja til opinna samskipta, meðal annars með reglulegum fundum, fræðslu, fréttatilkynningum og efni á vefsíðu og

MARGFÖLDUN



EINFÖLDUN



HEILDUN



Verkefnamiðuð vinnuaðstaða




samfélagsmiðlum. Þá eru einnig haldnir hádegisfundir reglulega með viðskiptavinum þar sem stjórnendur hlusta á væntingar um þjónustu og vörupróun hjá bankanum.

Áherslur 2017

Áherslur ársins 2017 hafa verið á flutning höfuðstöðva en þeim fylgdu miklar breytingar á vinnuumhverfi bankans til verkefnamiðuðs vinnuumhverfis. Verkefnamiðuð vinnuaðstaða hefur gefist vel og starfsmenn vinna að sínum verkefnum í þeirri aðstöðu sem hentar verkefninu hverju sinni. Vinnan gengur þvert á skipulag

bankans og starfsmenn vinna meira í teyrum en áður.

Af öðru áhersluverkefnum bankans frá árinu 2017 var áhersla lögð á mótun stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem unnið var að því að innleiða í dótturfélagi bankans, Íslandssjóðum. Áfram var unnið að öðrum lykilverkefnum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Lykilverkefni nýrrar stefnu í samfélagsábyrgð

- **Ábyrg lánastarfsemi**
- **Upplýsingaöryggi**
- **Ábyrg innkaupastefna**
- **Samgöngustefna**
- **Jafnréttisstefna**
- **Fræðsla til viðskiptavina**
- **Stefna um ábyrgar fjárfestingar**
- **Hjálparhönd Íslandsbanka**
- **Ný styrkjastefna**

Helstu stoðir samfélagsábyrgðar Íslandsbanka skiptast í viðskipti, fræðsla, umhverfi, vinnustað og samfélag. Hverri og einni stoð verður gerð sérstök skil í skýrslunni.

Stoðir samfélagsábyrgðar

Fimm meginstoðir nýrrar stefnu hafa verið mótaðar:



Viðskipti

Íslandsbanki leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hagkvæmni. Bankinn leitast við að þjóna viðskiptavinum sínum með því að hafa skýrt regluverk, veita gagnlegar upplýsingar og gæta jafnræðis meðal viðskiptavina.



Fræðsla

Markmið Íslandsbanka er að auka þekkingu, færni og áhuga á fjármálum með því að bjóða upp á aðgengilega og áhugaverða fræðslu um fjármál og efnahagsmál. Fræðslunni er ætlað að vekja áhuga og aðstoða fólk við að taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál.



Umhverfi

Íslandsbanki leggur áherslu á að vinna í takt við umhverfið og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi bankans kann að hafa á umhverfið.



Vinnustaður

Ýtt er undir helgun starfsmanna með virkri þátttöku í samfélagsverkefnum, vellíðan á vinnustað og markvissri fræðslu. Íslandsbanki leggur sig fram við að ráða, efla og halda í hæfileikaríkt og ábyrgt starfsfólk.



Samfélag

Íslandsbanki eflir nærumhverfi sitt með því að styðja við félags-, menningar- og íþróttastarf auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Stuðningur er bæði í formi þátttöku starfsmanna og beins fjárstuðnings við valin verkefni.

Viðskipti

Mikil áhersla er lögð á heilbrigðan rekstur hjá Íslandsbanka en bankinn veitir einstaklingum, fagfjárfestum og fyrirtækjum aðgengi að fjármagni til uppbyggingar á íslensku atvinnulífi. Bankinn leggur áherslu á að vera ábyrgur í því hlutverki og styðja við góða viðskiptahætti. Stjórnendur Íslandsbanka leggja áherslu á að horft sé til lengri tíma í þessum efnum.

Mikilvægt er að ákvarðanir sem eru teknar hjá bankanum taki mið af þáttum eins og umhverfis- og mannúðarsjónarmiðum sem aftur hafi jákvæð áhrif á viðskipti til langs tíma. Tryggja þarf að viðskiptavinir bankans hljóti jafna meðferð og hafi aðgengi að upplýsingum sem aðstoða þá við ákvarðanatöku. Íslandsbanki hefur unnið að verkefnum sem snúa meðal annars að ábyrgum fjárfestingum, ábyrgum lánveitingum og ábyrgum innkaupum. Með stefnunni getur bankinn haft áhrif í sínum viðskiptum og einnig á önnur fyrirtæki.

Þjónusta

Íslandsbanki leggur mikið upp úr því að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir starfsemi sína og þjónustu á undanförunum árum. Árið 2017 var Íslandsbanki valinn í þriðja sinn besti bankinn á Íslandi að mati The Banker.

Íslandsbanki er alhliða banki og þjónar breiðum hópi viðskiptavina. Hlutverk bankans er að veita alhliða fjármálaþjónustu og er framtíðarsýn Íslandsbanka að vera **#1 í þjónustu**. Framtíðarsýnin svarar því hvert bankinn stefnir ásamt því að vera leiðarljós

í stefnumótun hans. Lögð er áhersla á samskipti, þekkingu, fræðslu og gott aðgengi að þjónustu bankans.


Fimm ár í röð hafa viðskiptavinir Íslandsbanka verið ánægðustu viðskiptavinirnir meðal banka samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni. Þetta hefur verið mikil viðurkenningu á þeirri framtíðarsýn sem unnið er eftir um að veita bestu bankaþjónustuna.

Viðskiptavinir geta nú átt nær öll bankaviðskipti í gegnum símann sinn í



Lögð er áhersla á samskipti, þekkingu, fræðslu og gott aðgengi að þjónustu bankans.

Fimm ár í röð hafa viðskiptavinir Íslandsbanka verið ánægðustu viðskiptavinirnir meðal banka samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni.



gegnum app Íslandsbanka þar sem nú er meðal annars hægt að sækja um og breyta yfirdráttarheimild. Fjölmargin nýta sér einnig Kass appið sem var valið besta íslenska appið á Íslensku vefverðlaununum. Nýjasta viðbótin er Kreditkorta appið þar sem mögulegt er að fylgjast með notkun í rauntíma, fá pin númer og láta frysta kort.

Mikið hefur áunnist frá stofnun bankans og um leið hefur tekist að viðhalda mikilli starfsánægju sem einnig skilar sér til viðskiptavina. Starfsfólk bankans leggur áherslu á að viðhalda góðu sambandi við viðskiptavinina sína og þekkja áskoranir þeirra vel. Þannig mun þeim takast að búa til enn betri banka, skref fyrir skref.

Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir eru grundvöllur að langtímaárangri fyrirtækja og stuðla að bættum vinnubrögðum, og gagnsæi, og vernda þannig og efla hagsmuni hluthafa sem og annarra hagsmunaaðila.

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna. Það stuðlar þannig að bættri ákvarðanatöku innan bankans. Góðir stjórnarhættir og innra skipulag bankans á að stuðla að skilvirkri og varfærinni stjórn bankans og mikilvægt er að

komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Íslandsbanki hlaut fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í mars 2014 frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðurkenningin var veitt í kjölfar ítarlegrar skoðunar á starfsháttum stjórnar, undirnefndum stjórnar og stjórnenda bankans. Viðurkenningin var endurnýjuð í mars 2015, 2016, og febrúar 2017 en hún gildir í þrjú ár nema verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi bankans.



Árlega gerir Íslandsbanki úttekt á því hvort stjórnarhættir bankans séu í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í kjölfarið er birt yfirlýsing um stjórnarhætti bankans í sérstökum kafla í ársreikningi. Nánari umfjöllun um stjórnarhætti bankans má finna í Stjórnarháttayfirlýsingu Íslandsbanka fyrir árið 2017 og í ársskýrslu bankans.

Ákvarðanatökulykill

Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um góða stjórnarhætti og ákvarðanatökulykil, sem kortleggur skilyrði fyrir öllum meiriháttar ákvörðunum innan bankans. Lykilinn er liður í að bæta ákvarðanatöku og auka þar með traust hagsmunaaðila til bankans. Ákvarðanatökulykillinn setur ákveðin skilyrði og mælir fyrir um tiltekið ferli fyrir töku meiriháttar ákvarðana. Hann setur það skilyrði að allar meiriháttar ákvarðanir skuli teknar á grundvelli bestu fánlegu upplýsinga á hverjum tíma og að fengnu álití viðeigandi aðila innan bankans.

Ábyrgar fjárfestingar Íslandssjóða

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóðastýringar-fyrirtæki á Íslandi en það var upprunalega stofnað árið 1994 og er dótturfélag Íslandsbanka. Félagið stýrir 26 verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, tveimur fagfjárfestingasjóðum og þjónustar auk þess fjárfestingar-félög sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og fasteignum. Ennfremur útvistar Íslandsbanki hluta af eignastýringu viðskiptavina til Íslandssjóða.

Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 232 milljörðum króna. Félagið starfrækir úrval skuldabréfasjóða, hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og yfir 10.000 sparifjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig

í fasteignasjóðum og framtakssjóðum og rekur félagið nú tvo sjóði í hvorum eignaflokki.

Íslandssjóðir gerðust aðilar að UNPRI í árslok 2017. Í kjölfarið verður samfélagsstefna Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar mótuð og aðferðafræði innleidd við fjárfestingar sem tekur tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttar fyrirtækja (ESG)



aðferðafræðin er bæði óháð stjórnvöldum og samtökum en hún hvetur fjárfesta til þess að nota aðferðafræði ábyrga fjárfestinga til þess að auka ávöxtun til lengri tíma litið, sjálfbærni auðlinda, góðra stjórnarháttar og samfélagslegrar ábyrgðar. Vinnuhópur er að störfum hjá Íslandssjóðum við mótun samfélagsstefnu og innleiðingu verklagsreglna á gildum UNPRI í dagleg störf félagsins.

„Fjárfestingastarfsemi Íslandssjóða er umfangsmikil og áherslur innan fjárfestingateyma félagsins mismunandi. Innleiðingarferli aðferðafræði ábyrga fjárfestinga þarf að taka mið af því og er um töliverða þróunarvinnu að ræða. Það er áskorun í að greina umhverfis- og stjórnarhætti en mesta áskorunin, að okkar mati, felst í félagslegum þáttum. Við erum til

að mynda að skoða ýmis greiningartól fyrir fjárfestingar á erlendum mörkuðum. Það er mikill kraftur í þessum málaflökki núna og vilji til þess að innleiða samfélagsábyrgð inn í allar fjárfestingar á vegum félagsins. Við munum taka ábyrgar fjárfestingar föstum tökum inn í alla okkar ákvarðanatöku og innleiða á þessu ári.” segir Kjartan Smári Höskuldsson framkvæmdastjóri Íslandssjóða.

Mikilvægt er við innleiðingu á stefnu um samfélagsábyrgð að starfsmenn og stjórnendur gangi í takt þannig að hún síist inn. Stefnan verður birt á heimasíðu fyrirtækisins til skoðunar fyrir viðskiptavinum.

Íslandssjóðir hafa árlega frá árinu 2013 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti. Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, NASDAQ Iceland á Íslandi og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman til að bæta eftirfylgni fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.

Framkvæmdastjóri félagsins er Kjartan Smári Höskuldsson og formaður stjórnar er Tanya Zharov.

Samtök um ábyrgar fjárfestingar

Íslandssjóðir eru aðili að Samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi en samtökin voru stofnuð á síðasta ári. Tilgangur þeirra er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga. Stofnaðilar samtakanna eru fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög sem fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila. Meðal stofnaðila eru ellefu lífeyrissjóðir, fjórir bankar, þrjú tryggingafélög, fjögur rekstrarfélög verðbréfasjóða og eitt eignastýringarfyrirtæki.



Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar en mun ekki taka afstöðu til álitamála er varða málefnið. Enskt heiti samtakanna er IcelandSIF (Iceland Sustainable Investment Forum). Samtökin munu standa fyrir fræðslufundum sem ýmist verða opnir fyrir almenning eða beint sérstaklega til starfsmanna aðildarfélaganna. Markmiðið er einnig að auka samvinnu milli fræðasamfélagsins og viðskiptalífsins með það að leiðarljósi að auka vitund um ESG þætti og hvetja fjárfesta til að innleiða þá í fjárfestingarákvarðanir.

Ábyrg lánastarfsemi

Mótun stefnu í ábyrgum lánveitingum þarf að vera í föstum skorðum svo hægt sé að nýta hana við úrlausn mála. Unnið var að breytingum á lánastefnu bankans árið 2015 með hliðsjón af stefnu um samfélagslega ábyrgð og stefnu um ábyrgar lánveitingar. Íslandsbanki byggir meginstarfsemi sína á útlánnum og býr að traustri lánastefnu.

Allar lánveitingar Íslandsbanka þurfa að uppfylla skilyrði sem sett eru í lánastefnu og lánareglum bankans. Ísland er aðalmarkaður bankans þegar kemur að lánveitingum til fyrirtækja. Viðskiptavinir verða að geta sýnt fram á getu til að endurgreiða lán samkvæmt skilmálum þess. Mikilvægt er að viðskiptavinir geti sýnt fram á óslitinn rekstur með eðlilegum frávikum. Þá réttlæta góðar tryggingar einar og sér ekki lánveitingu til viðskiptavina með ófullnægjandi greiðslugetu. Viðskiptavinir þurfa að geta staðfest greiðslugetu sína með áreiðanlegum gögnum sem staðfesta einnig skil á opinberum gjöldum og öðrum skyldugreiðslum. Reglur og verkferlar Íslandsbanka miða að því að allir viðskiptavinir fái sambærilega og sanngjarna afgreiðslu sinna mála. Gætt er að því að veita einstaklingum upplýsingar um greiðslubyrði láns og heildarkostnað við lántöku áður en lán er veitt.

Ef viðskiptavinir telja sig ekki hafa fengið sanngjarna úrlausn mála geta þeir leitað til umboðsmanns viðskiptavina. Hlutverk hans er að skoða málin hlutlaust og vinna að sanngjarnri úrlausn. Hér á landi hafa verið settar reglur um starfsemi fyrirtækja sem setja þeim skorður hvað varðar umhverfismál og ýmsa samfélagsþætti. Hornsteinninn í mati bankans hvað varðar þessa þætti er að fyrirtæki sem bankinn lána hafi tilskilin leyfi til starfsemi sinnar frá opinberum aðilum og lúti eftirliti þeirra sé slíks eftirlits krafist. Íslandsbanki hefur sem lánveitandi tekið þátt í verkefnum sem snúast um nýtingu vistvænnar orku. Þar er ekki síst um að ræða litlar framkvæmdir þar sem nýtt eru staðbundin tækifæri til að draga úr orkukaupum. Íslandsbanki vinnur að því að haga lánveitingum sínum þannig að auðveldara verði fyrir viðskiptavinum að velja vistvæna kosti.

Upplýsingaöryggi

Upplýsingar eru verðmætustu eignir bankans og verndun þeirra er lykilatriði í starfsemi bankans. Eðli bankastarfsemi er þannig að bankanum er treyst fyrir trúnaðarupplýsingum um viðskiptavinum, sem jafnframt reiða sig á upplýsingakerfi bankans til að geta annast fjármál sín. Íslandsbanki er með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO27001. Vottunin nær til allrar

starfsemi og starfsstöðva bankans, þar með talið til raunlægs öryggis, eigna, hug- og vélbúnaðar. Vottunin er skýr yfirlýsing um það hversu alvarlega Íslandsbanki tekur meðferð upplýsinga og öryggi þeirra.

Auk sérfræðipækkingar starfsmanna nýtir bankinn sérreglulega sérfræðipækkingu utanaðkomandi aðila til að aðstoða við prófanir á upplýsinga- og netöryggi t.d. áður en ný vara er sett á markað. Árlega er stjórnkerfi upplýsingaöryggis tekið út af óháðum aðila auk þess sem innri og ytri endurskoðendur taka út upplýsingaöryggi reglulega. Íslandsbanki leggur mikla áherslu á fræðslu og þjálfun starfsmanna í upplýsingaöryggi og þurfa starfsmenn t.d. að standast árlegt próf í upplýsingaöryggi.

Siðareglur

Á síðasta ári endurskoðaði stjórn Íslandsbanka og samþykkti nýjar siðareglur sem gilda um alla starfsemi, starfsmenn og stjórnendur Íslandsbanka hf., og þá verktaka sem ráðnir eru til bankans til að sinna tilteknum verkefnum. Reglunum er ætlað að leiðbeina starfsmönnum við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni bankans og viðskiptavina hans að leiðarljósi. Reglunum er jafnframt ætlað að viðhalda og styrkja orðspor og trúverðugleika bankans.

Siðareglur

Við drögum úr hættu á hagsmunaárekstrum

Við upplýsum um þau atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í störfum okkar.

Við virðum trúnað

Við erum bundin þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna sem og önnur atriði sem við fáum vitneskju um í starfi okkar og leynt eiga að fara.

Við veitum réttar upplýsingar

Við kappkostum að veita viðskiptavinum réttar, skýrar og áreiðanlegar upplýsingar og gætum þess við gerð markaðs- og kynningarefnis og sýnum sérstaka aðgát við gerð auglýsinga og kynningarefnis sem snerta börn.

Við erum til fyrirmyndar

Við sinnum störfum okkar og samskiptum við viðskiptavinum og samstarfsmenn þannig að það sé öðrum til eftirbreytni.

Við erum fagleg

Við vinnum faglega og erum heiðarleg í samskiptum við viðskiptavinum, samstarfsmenn og aðra hagsmunaðila.

Ábyrg innkaupastefna

Það er markmið Íslandsbanka að auka gagnsæi og gæði við innkaup. Til að auka á gagnsæi leitast bankinn við að gera verðkannanir og leita tilboða hjá fleiri en einum aðila. Birgjar þurfa að uppfylla kröfur í samræmi við þarfir bankans, umfang og eðli þess sem er keypt. Við mat á hagkvæmni tilboða er, auk efnahagslegra viðmiða, tekið mið af áhrifum á umhverfi og samfélag. Til að styðja við framangreint hefur bankinn sett sér reglur um útvistun, innkaupastefnu, reglur um heimild til kaupa á vörum og þjónustu og útbúið eyðublað fyrir birgja.

Í krafti stærðar sinnar getur Íslandsbanki haft áhrif á birgja í gegnum innkaup og

hvat þá til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Innri endurskoðun hefur eftirlit með að stefnunni sé fylgt en hún nær ekki til dótturfélaga bankans. Unnið er eftir sérstöku innkaupaverklagi og birgjar þurfa að fylgja stefnuskjali um ábyrgja birgja Íslandsbanka. Stefnuskjalið inniheldur tíu meginreglur Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, starfsskilyrði, mannréttindi og varnir gegn spillingu.

Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif með því að taka tillit til líftímakostnaðar og kaupa umhverfissvottaða þjónustu og vörur þegar kostur er. Markaðsvörur Íslandsbanka innihalda ekki þekkt heilsu- og umhverfisspillandi efni eins og

nonylphenol og própýlparaben. Óskað er eftir staðfestingu frá birgjum um að vörur innihaldi ekki heilsu- og umhverfisspillandi efni.

Stefnt er að því að kaupa eingöngu visthæfa bíla og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að auki verður lögð áhersla á að velja vistvænar lausnir við endurnýjun og rekstur skrifstofa bankans. Tryggja á í útboðum að eingöngu séu gerðir samningar við Svansmerкта prent- og ræstipjónustu. Leitast verður við að kaupa vörur og þjónustu í nærsamfélagi til dæmis matvörur og viðhaldspjónustu.

Ábyrgir birgjar Íslandsbanka



Mannréttindi

Meginregla 1 Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

Meginregla 2 Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.



Vinnuréttur

Meginregla 3 Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Meginregla 4 Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælunarvinnu.

Meginregla 5 Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Meginregla 6 Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.



Umhverfismál

Meginregla 7 Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.

Meginregla 8 Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Meginregla 9 Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.



Varnir gegn spillingu

Meginregla 10 Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.



Aðgerðir gegn peningabætti

Íslandsbanki hefur sett sér reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með reglunum leitast bankinn við að uppfylla í hvívetna ýrustu kröfur, sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi á því sviði. Markmið reglnanna er að hindra að rekstur og starfsemi Íslandsbanka verði notuð til peningabættis eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Samkvæmt gildandi lögum ber Íslandsbanka að þekkja viðskiptavinina sína, starfsemi þeirra og viðskipti við bankann það vel að brugðist verði við ef þess verður vart að starfsemi bankans sé notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Allir viðskiptavinir gangast undir áreiðanleikakönnun í upphafi samningssambands. Þannig er t.a.m. óheimilt að stofna nafnlausu reikninga.

Áreiðanleikakönnun

Aflað er upplýsinga um viðskiptavininn og fyrirhuguð viðskipti, t.a.m. helstu persónuupplýsingar, upplýsingar um uppruna fjármuna og tilgang viðskipta. Áreiðanleikakönnun er ekki aðeins framkvæmd í upphafi viðskiptasambands heldur einnig þegar viðskiptavinur hyggst opna nýja reikninga eða njóta nýrra þjónustubátta hjá bankanum. Slíkt tryggir að upplýsingar og gögn, sem áður hefur verið aflað, uppfærast ef breytingar eiga sér

stað þar sem fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavin þurfa ávallt að vera réttar.

Rafrænt eftirlitskerfi

Íslandsbanki fylgist með grunsamlegum færslum viðskiptavina með rafrænu eftirlitskerfi sem sendir sjálfkrafa tilkynningar um slíkt til Regluvörslu. Ef grunur leikur á að viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti feli í sér peningabætti eða megi rekja til fjármögnunar hryðjuverka er bankanum skylt að skoða þau nánar. Regluvarsla metur hvort ástæða sé til að tilkynna Peningabættisskrifstofu héraðssaksóknara um viðskiptin. Hægt er að beina tilkynningum um grunsamleg viðskipti til Regluvörslu. Slíkar tilkynningar geta verið nafnlausar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Þekking starfsmanna

Regluvarsla og Innri endurskoðun framkvæma sérstakt hæfnispróf sem lagt er fyrir framkvæmdastjórn og lykilstarfsmenn og er þar m.a. prófuð þekking þeirra á peningabættisvörnum bankans. Allir starfsmenn bankans sækja námskeið um peningabætti þar sem þeim er kynnt regluverkið og þær skyldur sem á þeim hvíla. Starfsmenn sækja námskeiðið við upphaf starfs sem og reglulega á starfstímanum.

Fræðsla

Markmið Íslandsbanka er að auka þekkingu, færni og áhuga á fjármálum með því að bjóða upp á aðgengilega og áhugaverða fræðslu um fjármál og efnahagsmál. Fræðslunni er ætlað að vekja áhuga og aðstoða fólk við að taka upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál.

Í gegnum fræðslustarf bankans hafa verið haldin um 600 fræðsluerindi sem um 40.000 gestir hafa hlýtt á.

Fjöldi námskeiða sem bankinn hélt á árinu 2017 var 193 og voru þátttakendur á námskeiðunum 3.773 sem er töliverð aukning á milli ára.

Ítarleg fræðsla um sparnað var í boði í tengslum við Meistaramánuð í febrúar. Áhersla var lögð á að kynna þátttakendum markmiðasetningu og þær aðferðir sem best reynast við að byggja upp varasjóð til skemmri og lengri tíma.



Í tengslum við útgáfu bókarinnar Forystuþjóð buðu Íslandsbanki og Samtök Atvinnulífsins á umræðufund um jafnréttismál. Eftir framsögu Ragnildar Steinunnar Jónsdóttur, annars höfunda bókarinnar, hlýddu 200 gestir fundarins á umræður þar sem þátt tóku þau Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Róbert Wessmann, forstjóri Alvogen, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.

Sérstök áhersla var lögð á fræðslu um íbúðamarkaðinn á árinu. Níu fræðslufundir voru haldnir og auk útgáfu almennrar skýrslu um stöðu húsnæðismála á landinu voru kynntar skýrslur um íbúðamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Sem fyrr var fræðsla um fjármál við starfslok áberandi hjá bankanum. Boðið var upp á 26 fræðsluerindi í útibúum, á vinnustöðum og fyrir félagasamtök á árinu.

Í gegnum fræðslustarf bankans hafa verið haldin um 600 fræðsluerindi sem um 40.000 gestir hafa hlýtt á.

Rík þörf var á fræðslu um málaflokkinn á árinu, en í upphafi þess tók við gjörbreytt lífeyriskerfi Tryggingastofnunar ríkisins og margir lífeyrisþegar óvissir um stöðu sína. Markmiðið með fundunum er að fræða þá sem nálgast eftirlaunaaldur þannig að þeir geti tekið skynsamlegar ákvarðanir um fjármál sín. Meðal þess sem rætt er um eru áhrif tekna á greiðslur Tryggingastofnunar, skattgreiðslur, úttekt séreignarsparnaðar og ávöxtun á lífeyrisaldri.

Fræðsluefni

Nýlega var hafin framleiðsla á myndböndum fyrir samfélagsmiðla en þegar hafa yfir 50.000 manns horft á fyrstu myndböndin. Starfsmenn bankans eru spenntir fyrir því að nýta þessa leið til þess að koma áhugaverðu og fræðandi efni til viðskiptavina sinna og tækifærin í því eru fjölmörg. Mikilvægt er talið að áhugasamir geti nálgast fræðsluefni Íslandsbanka með einföldum og aðgengilegum hætti hvenær sem þeir kjósa. Því er nær allt fræðsluefni fest á filmu og með haustinu hófst gerð sérstakra umræðuþátta þar sem sérfræðingar ræddu um ýmiss málefni tengd fjármálum. Þættirnir fóru ljómandi vel af stað og horft var hvorki meira né minna en yfir 50.000 sinnum á þættina. Meðal umræðuefna í fræðsluþáttunum voru jólaverslun, sjávarútvegur, íbúðamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, fjárlagafrumvarp, ferðaþjónusta og fjármál hins opinbera.

„Markmið okkar með myndbandaframleiðslunni er að auka áhuga og þekkingu á fjármálum með aðgengilegu, skemmtilegu og áhugaverðu efni og okkur sýnist það hafa gengið ljómandi vel. Fræðslustarf okkar hefur með þessu náð mun víðar en áður og viðbrögðin afar góð. Við framleiðum efni sem tengist tíðindum í efnahagslífinu með lifandi útskýringum aðalhaffræðings bankans og fáum jafnframt til okkar sérfræðinga utan bankans til að ræða ólík og fjölbreytt málefni.“ segir Björn Berg Gunnarsson, þróunarstjóri fræðslumála hjá Íslandsbanka.

Áhættuskýrsla

Íslandsbanki hefur frá árinu 2010 gefið út áhættuskýrslu samhliða birtingu ársuppgjörs og útgáfu ársskýrslu. Skýrslan er ítarlegt yfirlit um fyrirkomulag áhættustýringar og innra eftirlits hjá bankanum ásamt greiningu á helstu áhættuþáttum í rekstri hans. Einnig er gerð grein fyrir helstu breytingum í reglu- og lagaumhverfi bankans. Markmið skýrslunnar er að veita markaðsaðilum og öðrum sem eiga hagsmuna að gæta innsýn í starfsemi bankans og þá áhættu sem felst í rekstri hans.

Í áhættuskýrslu fyrir árið 2017 kemur fram að breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi áhættustýringar og innra eftirlits hjá bankanum. Til að aðlaga bankann að þriggja

þrepa eftirlitslíkani var skerpt á hlutverkum þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun áhættu í daglegri starfsemi, þeirra sem sinna innra eftirlit með áhættu og innri endurskoðunar, sem hefur eftirlit með virkni fyrri þrepanna tveggja.

Eiginfjárstaða bankans er áfram sterk, en eiginfjárlutfall var 24,1% í árslok, sem er vel yfir kröfum Fjármálaeftirlitsins og þeim viðmiðum sem bankinn hefur sett sér. Lánasafn bankans stækkaði um tæp 10% á árinu. Lán í vanefndum fara áfram minnkandi og voru í árslok 1% af lánasafninu, samanborið við 1.8% í upphafi ársins. Vanefndatíðni meðal lánþega var umtalsvert lægri en gera má ráð fyrir í meðalári, sem endurspeglar góðar aðstæður í hagkerfinu. Markaðsáhætta bankans er hófleg, gott jafnvægi er í eignum og skuldum í erlendri mynt, auk þess sem misvægi verðtryggðra eigna og skulda er hóflegt og minnkaði nokkuð á árinu. Lausafjárstaða bankans var traust og yfir innri og ytri viðmiðum.

Miklar breytingar urðu á reglum um gjaldeyrismál á árinu við afléttingu fjármagnshafta. Bankinn var vel undirbúinn undir þær breytingar og var þess sérstaklega gætt að lausafjárstaða hans tæki mið af mögulega auknum sveiflum í fjárflæði vegna aukins frelsis í streymi fjármagns til og frá landinu.



Bankinn stendur að endurnýjun grunnkerfa bankaþjónustu á Íslandi í samvinnu við Reiknistofu bankanna (RB) og stendur til að því verkefni ljúki á árinu 2018. Ný tölvukerfi fyrir innlán og greiðslumiðlun munu til lengri tíma draga úr rekstraráhættu tengdri rekstri grunnkerfa, en nokkur rekstraráhætta fylgir þó innleiðingu kerfanna. Þeirri áhættu er mætt með reglulegu áhættumati og viðeigandi mótvægisáðgerðum.

Samstarf við FKA

Íslandsbanki og FKA, Félag kvenna í atvinnulífinu, hafa átt afar farsælt samstarf og hefur bankinn stutt dyggilega við félagið til margra ára. Íslandsbanki hefur verið aðalbakhjarl FKA frá 2010 en samstarf þetta hefur haft það að meginmarkmiði að styðja við og efla starfsemi FKA og konur í íslensku atvinnulífi. Verkefni og viðburðir hafa verið með áherslu á að miðla fjármálatengdri þekkingu og reynslu til félagskvenna og styrkja þannig

möguleika þeirra á enn frekari árangri og arðsemi tengdri fyrirtækjarekstri.

FKA leggur mikið upp úr samstarfi við fyrirtæki sem deila sömu sýn og félagið í jafnréttismálum en Íslandsbanki hefur verið leiðandi á mörgum sviðum í þeim efnum. Innan bankans hefur verið unnið markvisst að því að virkja kraft kvenna og er lögð áhersla á jafnan rétt kynjanna í ráðningarstefnu bankans sem og jafnan rétt til starfsþróunar.

Íslandsbanki hefur verið fyrirmynd í jafnréttismálum og tekið virkan þátt í umræðu, ráðstefnum og fundum um málaflokkinn. Jafnframt hefur bankastjóri Íslandsbanka, Birna Einarsdóttir, verið talsmaður þessara mála og fyrirmynd stjórnenda þegar kemur að því að vekja athygli á jafnréttisumræðu sem og innleiðingu innan bankans. Fjöldamörg

verkefni og viðburðir hafa verið unnin í samstarfi á milli Íslandsbanka og FKA þar sem vakin er athygli á málefnum er varða stöðu kvenna í atvinnulífinu og að efla hlut þeirra, sérstaklega í stjórnnum, stjórnendastöðum og innan fjármálageirans.

Bankinn hefur einnig unnið mikilvægt starf í að efla konur í frumkvöðlastarfi með því að standa fyrir frumkvöðlanámskeiði og keppni kvenna í samstarfi við Opna Háskólann í Reykjavík og FKA. Að auki hafa verið önnur samstarfsverkefni sem Íslandsbanki hefur leitt eins og efling unga fólksins og mikilvægi þess að setja sér markmið – sem og Meistaramánuður sem FKA hefur stutt og tekið virkan þátt í.

FKA er stolt af samstarfiinu við Íslandsbanka og þakklátt stuðningnum enda hefur bankinn gert félaginu kleift að þróa og styrkja innviði félagsins í heild.

Umhverfi

Íslandsbanki hefur stigið markviss skref í átt að því að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Plastpokum hefur verið skipt út fyrir margnota poka og notuð er umhverfisvæn sápa í uppþvottavélar mótuneyta. Frauðplastbökkum var skipt út fyrir margnota kassa. Starfsfólk mótuneyta bankans er meðvitað um stefnu samfélagsábyrgðar á stefnuskránni er að sækja um Svansvottun. Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu.

Stefnt er að því að kaupa eingöngu vishæfa bíla og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að auki verður lögð áhersla á að velja vistvænar lausnir við endurnýjun og rekstur skrifstofa. Tryggja á í útboðum að eingöngu séu gerðir samningar við Svansmerкта prent- og ræstiþjónustu. Leita skal tilboða í stærri verk auk þess sem leitast er við kaupa vörur og þjónustu í nærsamfélagi útibúa, t.a.m. matvörur og viðhaldsþjónustu.

Samgöngur

Íslandsbanki hefur innleitt samgöngustefnu og hefur mannauðssvið unnið að mótun verkefnisins. Með samgöngustyrk eru starfsmenn hvattir til þess að ferðast til vinnu með öðrum leiðum en einkabílnum. Á árinu 2016 nýttu 260 starfsmenn sér samgöngustyrk og á árinu 2017 voru þeir orðnir yfir 300. Þessi styrkur hefur haft jákvæð áhrif á starfsfólk og margir starfsmenn koma gangandi, hjólandi eða nýta almenningssamgöngur til vinnu. Með því að styðja við umhverfisvænan ferðamáta starfsfólks til og frá vinnu

bætir Íslandsbanki umhverfið og eflir heilsu starfsfólks. Undir umhverfisvænan ferðamáta má flokka allan annan ferðamáta en að koma á eigin vélknúnu ökutæki til vinnu. Heilsufarslegur ávinningur af því að ganga, hlaupa eða hjóla í vinnu er óumdeildur. Minni mengun einkabílsins stuðlar að lífvænlegra og öruggara umhverfi og umhverfisvænn samgöngumáti er fjárhagslega hagkvæmur kostur.




Á árinu 2016 nýttu 260 starfsmenn sér samgöngustyrk og á árinu 2017 voru þeir orðnir yfir 300.

Flokkun

Íslandsbanki kom fyrst upp flokkun í mötuneytum sínum á árinu 2012 og hefur gríðarlegur árangur náðst í flokkun hjá bankanum frá þeim tíma. Starfsmenn bankans flokka svo dæmi séu tekin almennt sorp, grófan úrgang, litað timbur, málma, lífrænan úrgang í jarðgerð, bylgjupappa, raftæki og margt fleira.

Tölurnar fyrir hvern flokk eru ekki alltaf sambærilegar á milli ára á milli starfsstöðva og því er taflan birt eins og hún kemur fyrir þannig að mögulegt er að skoða þróun flokkunar á milli ára hjá hverri starfsstöð bankans. Alls flokkaði starfsfólk bankans 96.802 kg af alls kyns endurvinnanlegum efniviði á árinu 2017 miðað við 94.440 kg árið áður.

Allur tölvubúnaður sem sendur er til förgunar fer til fyrirtækis sem sérhæfir sig í endurvinnslu brotajárns og móttöku spilliefna. Að auki gaf bankinn töluvert af notuðum tölvubúnaði til Sierra Leone eins og fram kemur á öðrum stað í skýrslunni.



Alls flokkaði starfsfólk bankans 96.802 kg af alls kyns endurvinnanlegum efniviði á árinu 2017

Heildarþróun í endurvinnslu frá 2014-2017

Ár	2014	2015	2016	2017
Fiskislóð 10		2.925	5.480	11.770
20500 - Almennt sorp, förgun		1.525	2.410	7.070
20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð		930	1.960	2.960
20570 - Grænt efni til endurvinnslu		470	1.110	1.740
Húsavík			70	80
20500 - Almennt sorp, förgun				50
20570 - Grænt efni til endurvinnslu				30
20505 - Litað timbur, förgun			70	
Höfðabakki 9	1.670	3.950	2.970	3.000
20500 - Almennt sorp, förgun	90	400	830	520
20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð	1.340	1.910	1.260	1.300
20570 - Grænt efni til endurvinnslu	240	1.640	880	1.180
Kirkjusandur	47.310	53.470	36.390	42.112
20500 - Almennt sorp, förgun	8.950	11.210	10.910	1.470
20502 - Grófur úrgangur, förgun		8.440	6.890	19.000
20505 - Litað timbur, förgun	15.560			
20512 - Málmar til endurvinnslu				15.980
20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð	10.880	17.290	10.760	1.530
20520 - Bylgjupappi til endurvinnslu	5.120	8.900	3.800	1.200
20570 - Grænt efni til endurvinnslu	5.950	7.170	4.030	420
20617 - Tónerhylki, förgun				4
20619 - Rafhlöður, förgun				8
20804 - Lítil raftæki				2.500
20535 - Matarolía, förgun	10			
20806 - Rafeindabúnaður, förgun	840	460		

Heildarþróun í endurvinnslu frá 2014-2017				
Ár	2014	2015	2016	2017
4910080160				
Lyngháls	12.280	13.635	32.590	25.760
20500 - Almennt sorp, förgun	230	410	10.910	400
20502 - Grófur úrgangur, förgun			6.890	940
20505 - Litað timbur, förgun				10.920
20512 - Málmar til endurvinnslu				5.500
20513 - Lifrænn úrgangur í jarðgerð	9.720	9.975	10.760	6.320
20570 - Grænt efni til endurvinnslu	2.330	3.250	4.030	1.680
Lækjarbotn	160	660	480	480
20500 - Almennt sorp, förgun	160	660	480	480
Lækjargata	3.730	2.220		
20500 - Almennt sorp förgun	3.730	2.220		
Suðurlandsbraut	8.010	15.300	13.510	11.220
20500 - Almennt sorp, förgun	3.330	4.690	4.980	5.330
20513 - Lifrænn úrgangur í jarðgerð	1.680	6.210	5.460	3.850
20520 - Bylgjupappi til endurvinnslu	1.680	2.360	1.760	1.360
20570 - Grænt efni til endurvinnslu	1.320	2.040	1.310	680
Reykjavík	27.930	3.600	9.320	
20500 - Almennt sorp, förgun	6.360			
20502 - Grófur úrgangur, förgun	7.960	3.600	9.320	
20512 - Málmar til endurvinnslu	900			
20513 - Lifrænn úrgangur í jarðgerð	10.950			
20520 - Bylgjupappi til endurvinnslu	1.760			
Samtals	101.090	95.760	100.810	94.422

Orkunotkun

Verulega dró úr orkunotkun Íslandsbanka á árunum 2013–2016 og var markmiðið 10–15%. Það var gert með ýmsum leiðum, meðal annars með því að fækka prenturum og færa vélasalinn til Reiknistofu bankanna. Íslandsbanki notar að auki orkusparandi lausnir frá frumkvöðlafyrirtækinu eTactica. Með honum safnar rafskynjari og hugbúnaður upplýsingum um raforkunotkun. Þannig er mögulegt fyrir stjórnendur að fylgjast með orkunotkun á

sérstakri vefsíðu en lausnin var fyrst sett upp á Suðurlandsbraut árið 2013.

Árið 2017 einkenndist af flutningum í Norðurturninn í Kópavogi. Með verkefnaþíðu starfsumhverfi var mögulegt að fækka nýttum fermetrum í notkun hjá bankanum um 6.659 m². Núna eru í notkun hjá bankanum 9.096 fermetrar en voru áður 15.685. Það er minnkun um 42% sem felst í húsnæði á Kirkjusandi, Lynghálslí og fleiru eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Höfuðstöðvar á KS, LH og S14	m ²	Sameinaðar höfuðstöðvar	m ²
Kirkjusandur (ekki útibú)	5.919	7 hæðir í Norðurturni	8.176
Lynghálslí (skrifstofur)	3.304	Seðlaver og skjalaver (Fosshálslí)	450
Geymslur á KS	1.062	Geymsla í Norðurturni	400
Bakhús	820	Tæknirými í kjallara í Norðurturni	70
Lynghálslí (seðlaver og skjalaver)	1.243		
Skemman á Kirkjusandi	800		
Suðurlandsbraut	1.837		
Geymsla í Vatnagörðum	400		
Geymsla í Keflavík	300		
Samtals	15.685		9.096

Hvað varðar samanburð á milli ára 2016 og 2017 í orkunotkun þá þarf einnig að taka tillit til flutninga höfuðstöðva bankans í

Norðurturninn um mitt ár 2017 sem skekkir samanburðinn en flutningarnir höfðu mikil áhrif á orkunotkun til minnkunar.

Orkunotkun 2016 og 2017

Norðurturn	2017		Áætlun	
Rafmagn	422.513	kWh	Áætlun frá maí	
Heitt vatn	12.390	m ³	Áætlun frá maí	
Kalt vatn	9.779	m ³	Áætlun frá maí	

Kirkjusandur	2016	2017	Mismunur	
Rafmagn	1.627.075	682.064	kWh	-57 %
Heitt vatn	38.282	17.489	m ³	-54 %
Kalt vatn	52.814	26.468	m ³	-49 %

Suðurlandsbraut	2016	2017		
Rafmagn	358.131	311.346	kWh	-13 %
Heitt vatn	15.271	11.866	m ³	-22 %
Kalt vatn	7.084	8.419	m ³	18 %

Lyngháls	2016	2017		
Rafmagn	621.142	600.052	kWh	-3 %
Heitt vatn	6.360	507	m ³	-92 %

Rauntölfræði fyrir orkunotkun í Norðurturninum liggur ekki fyrir og er því um að ræða áætlun frá maí-deember. Aftur á móti eru orkutölur fyrir Kirkjusand, Suðurlandsbraut og Lyngháls rauntölur. Ef lögð er saman áætluð notkun á rafmagni og vatni frá Norðurturni og rauntölur frá

Kirkjusandi er niðurstaðan samt sem áður umtalsverð lækkun frá fyrra ári. Áætlað er að rafmagnsnotkun lækki um 32,11%, áætluð lækkun á köldu vatni er 31,37% og áætluð notkun á heitu vatni lækki um 21% við flutningana. Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig rauntölur koma út.



Bifreiðanotkun

Íslandsbanki hefur til umráða, í eigu eða rekstri, 36 bíla sem notaðir eru við daglegan rekstur fyrirtækisins. Bankinn hefur sett sér markmið um að hafa betri stjórn á umhverfislegum áhrifum sem bílaflotinn veldur. Í takt við það ætlar Íslandsbanki samkvæmt nýrri innkaupastefnu eingöngu að kaupa vistvæna bíla í framtíðinni. Auk þess eru allir bílar í eigu bankans á

ónegldum snjódekkjum til þess að minnka slit á vegakerfi og til þess að draga úr svifryksmengun. Rekstrardeild bankans rekur flesta bílana og eru þeir ennþá reknir af mismunandi orkugjöfum þar sem ekki verður öllum flotanum skipt út í einu.

Bankinn rekur sjö bíla sem nota bæði rafmagn og bensín sem orkugjafa, 26 þeirra eru díselbílar og þrír eru bensínbílar.

Eldsneytisnotkunin á síðasta ári var samtals 38.456 lítrar. Á meðfylgjandi töflu má sjá þróun í notkun eldsneytis á milli ára. Notkunin minnkar umtalsvert á milli ára í flestum flokkum. Heildarminnkun á lítrafjölda frá 2016 til ársins 2017 eru 6.962 lítrar sem er mjög góður árangur. Hluta skýringarinnar á minni eldsneytisnotkun má rekja til fækkunar á bílum í umsjá bankans en þeim fækkaði um fimm á síðasta ári.

Eldsneyti	Samtals		2015		2016		2017	
	Magn	Sala	Magn	Sala	Magn	Sala	Magn	Sala
Samtals	114.706	17.019.303	38.456	6.014.844	41.607	5.878.694	34.644	5.125.768
030 Eldsneyti	114.706	17.019.303	38.456	6.014.843	41.606	5.878.694	34.644	5.125.766
030-020 - Bensín	26.468	4.165.415	10.805	1.765.401	8.296	1.253.924	7.367	1.146.091
00012 Bensín ET	21.081	3.283.247	5.830	948.641	8.160	1.233.505	7.091	1.101.101
00015 Bensín 95 okt	5.151	834.302	4.792	779.336	136	20.419	223	34.547
00018 Bensín 98 okt	236	47.866	183	37.424			53	10.443
030-040 - Gasolía	88.238	12.853.889	27.651	4.249.443	33.311	4.624.770	27.277	3.979.677
00030 Gasolía/Dísilolía, lituð án olíugjalds	4.382	454.035	1.452	146.376	2.209	229.106	721	78.553
00031 Gasolía/Dísilolía, ólituð m/olíugjaldi	4.381	637.772	706	106.120	1.957	277.560	1.719	254.092
00035 Gasolía Bioblenda m/olíugjaldi	79.428	11.757.696	25.493	3.996.947	29.145	4.118.104	24.790	3.642.646
00037 AdBlue	47	4.386					47	4.386

Pappírslaus banki

Markmið Íslandsbanka er pappírslaus bankaviðskipti í Norðurlturni og að áhersla er lögð á að auka vægi rafrænna samskipta. Ákveðið var að taka saman prentnotkun hjá þeim einingum sem fluttu í Norðurlturn í lok árs 2016 og nær greiningin yfir tímabilið janúar – maí 2016. Það tímabil var síðan borið saman við árið 2017. Niðurstöður eru afar ánægjulegar en í ljós kom að prentunin er að meðaltali 50% minni en samtals voru prentuð 206.978 færri eintök á milli ára. Það leiddi af sér að prentkostnaður lækkaði um 3 m. kr. hjá þeim deildum sem greiningin nær til, þrátt fyrir 13% hækkun á einingarverði. Hjá bankanum í heild, að útibúum meðtöldum, hefur prentkostnaður lækkað um 5,7 m. kr. Það er því skýr munur á milli þeirra sem hafa flutt í Norðurlturn og starfa í nýju verkefnamiðuðu umhverfi.

Samtals fækkaði prentuðum eintökum um 13.500 eintök eða 52% hjá lánanefnd, einni og sér, sem að mestu er rakið til notkunar á spjaldtölvum. Sú fjárfesting borgaði sig hratt upp. Á Lynghálsi voru 26 prentarar á leigu og 8 prentarar í Norðurlturni, en á þessum tveimur stöðum eru um 100 fleiri starfsmenn í Norðurlturni. Taka þarf mið af ólíkri starfsemi en það er samt ljóst að fjöldi prentara eru mun færri í Norðurlturni fyrir þessar einingar en voru á Lynghálsi.

Prentkostnaður hefur lækkað um 5,7 m.kr. Prentun er að meðaltali 50% minni en samtals voru prentuð 206.978 færri eintök á milli ára



Vinnustaðurinn

Um mitt ár 2017 flutti bankinn í nýjar höfuðstöðvar í Norðurturni þar sem sameinuð var starfsemi bankans af fjórum stöðum. Vinnuumhverfið í Norðurturninum er í senn nútímalegt, sveigjanlegt og framsækið. Vinnuaðstaðan er fjölbreytt og er hún sniðin að mismunandi verkefnum og þörfum starfsmanna hverju sinni, eða það sem kallað er verkefnaíðuð vinnuaðstaða. Með þessu eykst gegnsæi á vinnustaðnum og samstarf á milli deilda og sviða.

Íslandsbanki er mjög lifandi og skemmtilegur vinnustaður með öflugum félagslífi, bæði á vegum bankans og starfsmannafélagsins. Haldin er árshátíð og jólagleði auk þess sem félagslífið í vinnunni er líflegt. Félagslífið sprettur líka út frá áhugamálum starfsmanna og eru þannig starfræktir ýmsir hópar og klúbbar eins og göngu-, golf-, matar- og handavinnuklúbbar, en starfsmenn stofna og reka klúbbana.

Starfsmannafélagið heldur einnig utan um fjölskyldur starfsmanna með ýmsum viðburðum svo sem eins og fjölskyldudegi á sumrin og jólaballi, jólabingóí og fleiru um jólnin. Að lokum er mikið um að einstaka deildir og svið hittist og skapi saman líflegt og skemmtilegt vinnuumhverfi.

Mannauðurinn


Fjöldi starfsmanna Íslandsbanka var í árslok 861 og eru 65% konur og 35% þeirra karlar en kynjahlutfall í framkvæmdastjórn er 57% konur og 43% karlar að bankastjóra meðtöldum. Stjórnendur eru 50% konur og 50% karlar og í stjórn eru 57% konur og 43% karlar.

Aldursskiptingu starfsmanna má sjá á meðfylgjandi mynd. Þannig má sjá að flestir eru starfsmenn bankans á aldrinum 40–59,


þá 30–30 en fæstir yfir 59 ára. Heilbrigð endurnýjun á sér stað þar sem yngsti aldurshópurinn er örlítið stærri en sá elsti. Meðalstarfsaldur í bankanúmer 13, 2 ár og starfsmannavelta er 6,6%. Menntunarstig í bankanúmer er mjög hátt þar sem mikill meirihluti starfsmanna bankans eru með háskólamenntun eða 63% þeirra.

Helstu áherslur Íslandsbanka í mannauðsmálum á árinu voru flutningur höfuðstöðva bankans frá Kirkjusandi og

Kynjaskipting



Aldursskipting



í Norðurtúrninn í Kópavogi. Á sama tíma var ráðist í innleiðingu á verkefnaþaðri vinnuástöðu. Lagt var af stað í rafræna vegferð en það fóll í sér gríðarlegar breytingar á starfsaðferðum og starfsstöðvum. Farið var yfir í að rafræna allar upplýsingar og þekkingu starfsmanna og gera þær aðgengilegar í H3 gagnagrunni. Einnig var lögð áhersla á rafræn ráðningarferli. Launaupplýsingar eru að auki aðgengilegar miðlægt fyrir stjórnendur. Einnig var farið í að skilgreina fræðslukröfur og framleiða námskeið og próf fyrir starfsmenn rafrænt.

Mannauðsstefna

Í Mannauðsstefnu Íslandsbanka er áhersla lögð á að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki. Lögð er sérstök áhersla á að skapa jákvæða menningu, með sterkri liðsheild, tækifærum til þróunar, hvatningu til að sýna frumkvæði, opnum skoðanaskiptum og góðri miðlun upplýsinga.

Mannauðsstefna Íslandsbanka skiptist í sex megin flokka;



1. Við ráðum besta fólkið

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki í fremstu röð sem gerir kröfur um árangur. Þess vegna sækist bankinn eftir metnaðarfullu fólki með fjölbreyttan bakgrunn.



2. Hvetjandi starfsumhverfi

Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs skiptir miklu máli. Reynt er að lágmarka yfirvinnu og leitast er við að atburðir og námskeið séu haldin á vinnutíma þar sem því er við komið.



3. Þekking og fræðsla er lykillinn að árangri

Grunnurinn að öfluggu og fjölbreyttu fræðslustarfi er markviss þarfagreining sem er unnin í samvinnu við starfsmenn allra deilda. Góð þekking starfsmanna skilar meiri árangri og starfsmenn eru ánægðari í starfi.



4. Sköpum bestu liðsheildina

Íslandsbanki leggur áherslu á menningu þar sem uppbyggileg og lausnamiðuð samskipti eru ríkjandi. Gagnrýni er nauðsynleg en það er ekki sama hvernig hún er sett fram. Neikvæðni leiðir sjaldan til uppbyggilegrar umræðu.



5. Bjóðum samkeppnishæf starfskjör

Ein af lykilforsendum þess að laða að og halda í gott starfsfólk er að bjóða samkeppnishæf kjör.



6. Jöfn tækifæri

Íslandsbanki leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og að nýta til jafns styrkleika kvenna og karla.

Fræðsla

Yfir 60% starfsmanna Íslandsbanka eru háskólamenntaðir en til þess að viðhalda og endurnýja þekkingu þeirra býður bankinn upp á yfir 250 námskeið og fræðslufundi á hverju ári. Starfsmenn bankans kenna á stærstum hluta þeirra. Fræðslan er mjög fjölbreytt en starfsmönnum ber skylda til að sækja ákveðin námskeið starfs síns vegna, t.d. námskeið sem snúa að regluvörslu eða leiðtoganámskeið fyrir stjórnendur. Þar að auki býður bankinn upp á fjölda annarra námskeiða sem snúa að persónulegri styrkingu og aðstoð við að þróast í starfi. Þar má nefna námskeið í verkefnastjórnun, tímastjórnun eða tölvufærni.

Stjórnendur á öllum stjórnunarstigum eru studdir með skipulegri leiðtogaþjálfun. Unnið er markvisst eftir hæfnispáttum stjórnenda Íslandsbanka sem skilgreina færni sem er líkleg til að skila árangri í stjórnun. Leiðtogaþjálfunin hefur að markmiði að styrkja stjórnendur í þessum þáttum og hjálpa þeim að ná tökum á leiðtoga hlutverki sínu.

Samningar

Starfsmenn njóta hlunninda samkvæmt kjarasamningi SFF auk þess sem fastráðnir starfsmenn bankans njóta ákveðinna friðinda. Fastráðnir starfsmenn eiga t.a.m. kost á sérstökum viðskiptakjörum til

starfsmanna og maka. Þeir eiga einnig rétt á líf- og slysatryggingum allan sólarhringinn og tryggingum vegna annars tjóns í vinnu. Þeir geta að auki sótt um styrk í menntunarsjóð sem veitir styrki til náms á framhaldsskólastigi og grunnnáms í háskóla.

Félagsmenn í Starfsmannafélagi Íslandsbanka geta leigt orlofshús og íbúðir gegn vægu gjaldi. Einnig eiga þeir kost á íþróttastyrk vegna heilsuræktar og styrk vegna þátttöku í tómstunda- og námskeiðagjaldi. Þá niðurgreiðir bankinn félagsstarfsemi eins og árshátið og fjölskylduskemmtanir.

Samtök starfsmanna fjármálaafyrirtækja, starfrækir einnig menntunar- og styrktarsjóð. Styrktarsjóðurinn úthlutar til félagsmanna vegna veikinda, forvarna eða sértækra atvika, s.s. vegna tækni- og glasafjrývgunar og ættleiðingar. Allar nánari upplýsingar um hlunnindi og starfskjör starfsmanna bankans eru aðgengilegar starfsfólki á innri vef Íslandsbanka. Þegar fólk hefur störf hjá bankanum fær það fræðslu um hlunnindi og kjör.

Heilbrigði og velferð starfsmanna

Íslandsbanki styður við heilbrigði og góða líðan starfsmanna með ýmsum leiðum. Sérfræðingar hafa tekið út vinnustöðvar starfsfólks Íslandsbanka og standast þær

kröfur um vinnuvernd. Öllum starfsmönnum er boðið að fara í heilsufarsmælingu einu sinni á ári. Vilji starfsfólk stunda hreyfingu á vinnutíma er boðið upp á sturtuáðstöðu. Þá er einnig boðið upp á árlega flensuspauptu. Á hverju ári eru haldnir viðburðir sem stuðla að heilbrigðum lífstíl s.s. Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka og átakið Hjólað í vinnuna. Í bankanum er öflugt félagslíf og getur það átt þátt í að bæta starfsánægju og skila góðum starfsanda á vinnustað. Starfandi eru margskonar klúbbar innan bankans. Má þar nefna göngu-, golf-, matreiðslu-, ljósmynda-, handavinnu-, veiði-, sjósunds-, hugleiðslu-, hlaupa-, og hestaklúbba.

Fæðingarorlof

Foreldrar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og komið er til móts við óskir starfsfólks um sveigjanlega töku fæðingarorlofs þar sem því verður við komið. Bankinn býður starfsmönnum upp á aðlögunartíma þegar þeir koma aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Þannig hafa þeir val um skert starfshlutfall í allt að ár eftir að töku fæðingarorlofs hófst. Þá er starfsfólki gert kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið. Samtals fóru 54 starfsmenn í fæðingarorlof á árinu 2017 eða 23 karlar og 31 kona.

Jafnréttismál

Íslandsbanki leggur mikla áherslu á jafnrétti kynjanna og nýtir til jafns styrkleika kvenna og karla. Í auglýsingum eru störf ókyngreind og ef karl og kona eru í lokaúrtaki um starf og þau eru jafn hæf er leitast við að ráða það kyn sem hallar á. Stefnt er að því að hafa sem jafnast hlutfall kynja á sviðum, deildum, nefndum, ráðum og stjórnnum sem og í stjórnendastöðum.

Íslandsbanki hefur lagt mikla áherslu á að kynna jafnréttisstefnu bankans fyrir nýjum starfsmönnum og stjórnendum til að tryggja þekkingu á áherslum fyrirtækisins strax í upphafi. Bankinn vill jafnframt vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í jafnréttismálum og hefur hann tekið þátt í ráðstefnum og fundum um málaflokkinn. Þá hefur Íslandsbanki skrifað undir Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Íslandsbanki leitast einnig við að hafa jákvæð áhrif á jafnréttisumræðu í samfélaginu og hefur, í samvinnu við Ungar athafnakonur, haldið vel sóttu fundi um jafnréttismál þar sem stjórnendur innan bankans og utan miðluðu reynslu sinni og áskorunum. Íslandsbanki og Samtök atvinnulífsins stóðu einnig á árinu fyrir fundi sem bar heitið „Erum við forystuþjóð“, þar sem fjallað var um jafnréttismál í atvinnulífinu.

„Ég hef á ferli mínum sem stjórnandi orðið algjörlega sannfærður um að jafnvægi í kynjahlutfalli sé nauðsynlegur liður í því að hámarka árangur á vinnustaðnum. Kvennavinnustaðir og karlavinnustaðir eru of einsleitir. Að hafa jöfn hlutföll öflugra karla og kvenna kallar fram betri hliðarnar hjá flestum, sem hefur skýr áhrif á starfsánægju, árangur sem fólk nær í starfi og hollustu gagnvart vinnustaðnum. Við settum okkur því markmið um að vinna markvisst að því að bæta þetta hlutfall og nú, um einu og hálfu ári síðar, starfa 20 manns hjá félaginu og þar af eru níu reynslumiklar og flottar konur. Starfsánægja hjá Íslandssjóðum er mæld reglulega og það er gaman að sjá hana mælast í sögulegu hágildi nú þegar kynjahlutföll í félaginu eru um 50/50 í fyrsta skipti í áraradír.“

Kjartan Smári Höskuldsson,
framkvæmdastjóri Íslandssjóða:





Bankinn hefur aukið áhuga og eftt konur í frumkvöðlastarfi með því að standa fyrir frumkvöðlanámskeiði og keppni kvenna í samstarfi við Opna Háskólann í Reykjavík og FKA. Íslandsbanki hefur einnig styrkt sérstaklega þátttöku afrekskvenna í íþróttum.

Íslandsbanki hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2016 en verðlaunin voru veitt því fyrirtæki sem hefur stuðlað að auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa, jöfnum launum kynjanna, jöfnum hlutföllum kynjanna í stjórnendastöðum og aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2015

Íslandsbanki hlaut Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC árið 2015. Í bankanum er lögð áhersla á vellíðan í starfi, sveigjanleika til að samræma vinnu og fjölskyldulíf og eru feður jafnt sem mæður hvött til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs.

Starfsfólki er gert kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið og þörf er á. Mismunandi fjölskylduáðstæðum eins og veikindum barna eða umönnun aldraðra foreldra, er sýndur skilningur. Reynt er að lágmarka yfirvinnu og leitast er við að viðburðir og námskeið verði haldin á vinnutíma þar sem því er við komið.

Jafnréttisstefna skilar árangri

Mikil umræða hefur átt sér stað í fjölmiðlum og samfélaginu um að of fáar konur stýri peningum á Íslandi. Árið 2016 settu Íslandssjóðir sér stefnu um að jafna kynjahlutföll í félaginu og voru þá starfsmenn sjóðsins 14 og þar af tvær konur. Í dag starfa níu konur sem sérfræðingar í eignastýringu og er hlutfall kvenna og karla jafnt þegar horft er á hverjir stýra peningum líkt og sjóðssjórar, safnastjórar og stjórnendur fjárfestingarféлага. Kynjahlutföll fóru því fyrst í jafnvægi eftir að skýr stefna var sett.

Vinnustaðagreiningar

Ánægðir og áhugasamir starfsmenn eru grunnurinn að góðri þjónustu. Þar af leiðandi leggja stjórnendur bankans mikla áherslu á að skapa umhverfi sem styður við almenna velferð starfsmanna og gott upplýsingaflæði.

Mikilvægir hlutir í því samhengi eru fræðsla, jöfn tækifæri til starfsþróunar og öflugt félagsstarf. Starfsumhverfið þarf að vera uppbyggilegt, laust við einelti og mismunun og verðlauna þarf framtakssemi, frumkvöðlahugsun og framsýni.

Á hverju ári eru framkvæmdar vinnustaðagreiningar þar sem allir starfsmenn fá tækifæri til að segja sínar skoðanir og meta sinn næsta yfirmann og starfsumhverfi. Niðurstöður þessara greininga sýna að starfsandi í Íslandsbanka er mjög góður og starfsmenn geta almennt mælt með bankanum sem góðum vinnustað. Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að í Íslandsbanka upplifa starfsmenn að vinnufélagarnir leggi sig fram við að skila vel unnu verki og að liðsheildin sé sterk. Einnig upplifa starfsmenn að skýrar væntingar séu gerðar til þeirra sem starfsmanna. Þeir telja jafnframt að þekking þeirra, reynsla og styrkleikar nýtist vel. Eitt af því sem skiptir miklu máli um vellíðan starfsmanna á vinnustað er hvort starfsmenn eigi vin á vinnustaðnum eða einhvern sem beri fyrir þeim umhyggju.


Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi bankans á síðasta ári og átti flutningur höfuðstöðvanna stóran þátt í því. Það kemur fram í því að vinnuálag hjá bankanum hefur samkvæmt vinnustaðagreiningu aukist á milli

ára. Starfsmenn þekkja stefnu fyrirtækisins vel og traust til framkvæmdastjórnar eykst á milli ára.


Verkefnaðið vinnuástaða fól í sér miklar breytingar fyrir starfsmenn og er innleiðingin ennþá að síast inn en að mestu eru starfsmenn ánægðir með breytinguna og miklum meirihluta starfsmanna finnst að samstarf sitt við aðra í sinni deild hafi batnað við þessar breytingar.

Eins og sjá má á eftirfarandi myndum úr vinnustaðagreiningu kom bankinn mjög vel út í öllum helstu grunnþáttaspurningum.


Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi mínu




Ég á góða(n) vin/vinkonu í vinunni




Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg er til að sinna starfi mínu vel



Yfirmaður minn og/eða samstarfsfólk ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi



Mér finnst góður starfsandi ríkja í minni starfseiningu



Samfélag

Samkvæmt stefnu bankans styður Íslandsbanki valin verkefni sem efla samfélagið og vernda umhverfið. Bankinn styrkir fólk, félagasamtök og fyrirtæki sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun. Áhersla bankans í samfélagsmálum er aðallega á sex málaflokka: eflingu atvinnulífs, fræðslu, íþróttir og æskulýðsstarf, góðgerðarmál, menningu og listir og umhverfismál.

Undanfarin ár hefur Íslandsbanki haft það að leiðarljósi að vera í góðum tengslum við umhverfið og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Starfsmenn bankans fá tækifæri til að láta gott af sér leiða í ýmsum verkefnum, allt frá Reykjavíkumaraþoni til verkefnisins Hjálparhönd. Bankinn skrifaði einnig undir yfirlýsingu um loftslagsmál þar sem þátttakendur settu sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Reykjavíkurborg og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, standa að verkefninu. Íslandsbanki er einn stofnfélaga Festu sem hefur það að markmiði að stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og hvetja til rannsókna.

Frumkvöðlasjóður

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka styrkir frumkvöðlaverkefni sem leggja áherslu á endurnýjanlegra orku og sjálfbæran sjávarútveg. Þannig nálgast bankinn umhverfislega málaflokkinn en markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á ofangreindum sviðum. Íslandsbanki greiðir 0,1% mótframlag í sjóðinn af innstæðu Vaxtasprota innlánsreikninga bankans á ársgrundvelli. Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka er mikilvægur vettvangur fyrir þróun framtíðarlausna til sjálfbærrar nýtingar og

verndunar náttúruauðlinda. Sjóðurinn styrkir rannsóknir á sviði sjálfbærrar nýtingar orku og sjálfbærrar þróunar í sjávarútvegi og styðst við sérfræðipækkingu starfsfólks

Startup tourism

Íslandsbanki er bakhjarl Startup tourism en á árinu voru tíu viðskiptahugmyndir valdar til þátttöku í tíu vikna viðskipta-hraðli. Verkefnið er sérsniðið að þörfum nýrra fyrirtækja í ferðaþjónustu og er ætlað að veita þeim faglega undirstöðu og hraða ferlinu sem þau fara í gegnum





frá því að hugmynd fæðist þar til viðskipti taka að blómstra. 10 teymi voru valin úr hópi 94 umsókna og fengu þau aðstoð og stuðning yfir 10 vikna tímabil. Um er að ræða samstarfsverkefni Icelandic Startups, Bláa Lónsins, Íslandsbanka, Isavia, Vodafone og Íslenska ferðaklasans.

Gullmolinn Döff Ísland

Verkefnið Döff Ísland, sem er sérsniðin þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn á tákn máli, var eitt þeirra fyrirtækja sem var valið til þess að taka þátt í Startup tourism. Fyrirtækið mun bjóða fjölbreyttar ferðir fyrir Döff ferðamenn. Verkefni Döff Ísland verða að mörgu leyti svipuð og önnur kynningar- eða viðburðarfyrirtæki bjóða en það sem skilur að er leiðsögn og viðburðir eru á tákn máli.

„Rödd tákn málsins hefur ekki heyrst í ferðapjónustu á Íslandi fyrr en nú. Við sem erum hluti af tákn máls samfélaginu komumst að því árið 2016 þegar við hittum fjóra Bandaríkjamenn sem höfðu ferðast um Ísland í bílaleigubíl á eigin vegum. Þeim fannst Ísland yndislegt land og fallegt heim að sækja en athygli vakti að þeir sáu hvernig tákn máli á ferð sinni um



landið. Okkur brá svolítið og við settum okkur í spor þeirra. Okkar niðurstaða var að miklar samskiptahindranir væru til staðar fyrir döff ferðamenn.“ segir Margrét Sigurðardóttir, eigandi og stofnandi Döff Ísland ferðaskrifstofunnar. Margrét sem er aðstoðarframkvæmdastjóri, stofnaði fyrirtækið ásamt Magnúsi Sverrissyni, framkvæmdarstjóra, Trausta Jóhannessyni – stjórnarformanni og bílstjóra og Steinunni Lovísu Þorvaldsdóttur – hópferðastjóra. Með þeim vinnur hugmyndasmiðurinn Branic Keltz sem verður tengiliður við Bandaríkin.

„Við vorum mjög hissa en ánægð þegar við fréttum að okkar hugmynd væri ein af 10 áhugaverðum hugmyndum sem voru valdar til þess að taka þátt í Startup Tourism. Við lærðum mjög mikið á þessum vikum en aðrir

lærðu líka af okkur. Vinnan gaf okkur meiri skilning á innviðum ferðapjónustunnar og hugmyndin fékk að þróast og breytast. Leiðbeinendurnir voru mjög faglegir og vissu næstum alltaf öll svörin og höfðu góðar lausnir á takteinum. Að auki víkkaði vinnan tengslanetið okkar,“ segir Margrét.

Hugmyndin þróaðist frekar á árinu og fyrirtækið Döff Ísland ehf. var stofnað í apríl 2017 og hefur það tekið á móti ferðamönnum og gert nokkrar tilraunir með ferðir. Verið er að leggja lokahönd á heimasíðuna www.deaficeland.is. Eigendur fyrirtækisins hafa mismunandi menntun og bakgrunn en einhverja reynslu af ferðapjónustu. Þau deila mikilli ástríðu fyrir ferðalögum og tákn máli og fannst gaman að geta tengt saman þessi tvö hugðarefni.

„Þetta hefur verið einstakt og mjög gefandi ævintýri. Við teljum okkur þekkja ágætlega til ferðahegðunar döff ferðamanna og vitum nokkurn veginn hvað þeir vilja. Eitt af gildunum okkar er að bjóða þeim upp á jafningjaupplifun, ferðapjónustu á táknmáli en döff ferðamenn sem til Íslands koma hvaðanæva úr heiminum eru markhópur okkar. Þörfin fyrir ferðapjónustu á forsendum táknmálsins er klárlega til staðar og eftirspurn er næg. Við fundum vel fyrir því þegar við fórum á ráðstefnuna „World Federation of the Deaf“ í nóvember 2017. Þar vorum við eina fyrirtækið sem bauð upp á kynningu á ferðapjónustu á táknmáli. Þarna voru 700 döff einstaklingar hvaðanæva úr heiminum samankomnir og öllum leist vel á hugmyndina og margir vilja heimsækja Ísland. Síðan höfum við verið að byggja upp tengslanetið við önnur döff félög, klúbba og skóla um allan heim.“

„Við viljum þakka fyrir stuðninginn og þá stórkostlegu hvatningu sem við fengum hjá Startup Tourism. Starfsfólk og leiðbeinendur sáu að við vorum með gullmola í höndunum sem fara þarf vel með. Við sjáum líka fram á að verkefni okkar er á vissan hátt mannauðsskapandi fyrir þann minnihlutahóp sem táknmálsamfélagið er. Atvinnuþátttaka döff gæti aukist og orðið fjölbreyttari en táknmálið er auðlind.“ segir Margrét að lokum.

Við veitum Hjálparhönd

Hjálparhönd var eitt af fjórum lykilverkefnum Íslandsbanka á síðasta ári. Þátttakendur innan bankans verja einum vinnudegi eða fleirum, einu sinni á ári, styðja við gott málefni eða taka þátt í skilgreindum samfélagsverkefnum. Með Hjálparhönd vill Íslandsbanki hafa jákvæð áhrif á samfélagið í formi þekkingar og reynslu starfsmanna.

Með Hjálparhönd geta góðgerðarfélög fengið aðstoð við ákveðin verkefni þar sem þau geta nýtt sér krafta og þekkingu starfsfólks Íslandsbanka. Góðgerðarfélög geta einnig nýtt sér hlaupastyrk, söfnun Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka, þar sem þátttakendur safna áheitum til stuðnings góðgerðarfélagum. Markmiðið með Hjálparhönd er að sem flest góðgerðarfélög sjái sér hag í því að nýta krafta starfsfólks Íslandsbanka og á móti að starfsfólk bankans veiti góðgerðarfélagum verðmæta aðstoð.

Sérstakur verkefnahópur vinnur að mótun Hjálparhandar og er hópurinn samansettur af fulltrúum allra sviða. Hvert svið hefur valið eitt til tvö góðgerðarfélög sem það mun aðstoða eftir fremsta megni í eitt ár. Öllum góðgerðarfélagum er frjálst að sækja aðstoð til bankans með ákveðin verkefni í huga.





Verkefni sem gefur til framtíðar

Eitt af verkefnum Íslandsbanka á árinu var að tveir starfsmenn bankans lögðu land undir fót og héldu grunnnámskeið í tölvunotkun í Sierra Leone. Á námskeiðinu kenndu þau 70 manns að nota tölvur. Að námskeiðinu loknu gaf bankinn öllum nemendum tölvur- og ýmsan tækjabúnað. Írunn Ketilsdóttir og Brynjar Freyr Jónasson fóru til Sierra Leone og þau segja að ferðin hafi nánast verið ólýsanleg. Þátttakendur á námskeiðinu hafi verið á aldrinum 14 til 47 ára en um 50% þátttakenda voru í fyrsta skipti að prófa tölvu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Aurora velgerðarsjóð og er ferðin til Sierre Leone hluti af einu lykilverkefni bankans, Hjálparhönd.

„Regína Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri hjá Aurora velgerðarsjóðnum, bað okkur um að taka þátt í þessu verkefni en önnur íslensk fyrirtæki hafa áður tekið þátt í sams konar verkefnum á vegum sjóðsins.“ segir Írunn.

Hún segir mikla spillingu á svæðinu og að ferðin hafi verið áskorun sem reyndi á taugarnar. Það hafi verið vandasamt verkefni að koma búnaðinum á áfangastað án þess að honum yrði stolið. Þannig þurftu Írunn og Brynjar sjálf að selflytja búnaðinn og bera hann á milli staða í 30 stiga hita, merkja og flokka. Þau segja vinnuna hafa verið gefandi og skemmtilega og þau væru tilbúin til að fara í svona ferð á hverju ári því hver dagur

fól í sér nýja upplifun. Hjálparstarf sem þetta skiptir óheyrilega miklu máli fyrir fólkið á svæðinu og skilur einstaklega mikið eftir sig hjá báðum aðilum.

„Það sem stendur upp úr í ferðinni er minningin um svipinn á andlitum fólksins þegar við sögðum þeim að þau mættu taka tölvurnar og allan búnaðinn með sér heim. Þau fengu að draga um búnað og vissu ekki af gjöfni fyrirfram, þannig varð þetta bæði skemmtilegt fyrir þau og okkur. Margir höfðu lýst yfir áhyggjum af því hvernig þau gætu haldið áfram að æfa sig þar sem þau hefðu ekki aðgengi að tölvu heima. Það er svo auðvelt að gera mikið fyrir svo lítið á þessum slóðum og fyrir þeim var gjöfin risastór sem þau þökkðu Guði fyrir.“ segja þau Írunn og Brynjar Freyr.

Verkefnið var mjög vel heppnað og Írunn og Brynjar Freyr eru sammála um að þau myndu aftur vilja taka þátt í verkefni á þessum slóðum. Á námskeiðinu lærðu nemendurnir að búa sjálfir til tölvupóst og það gladdi þau að enginn vissi lykilorðið nema þau sjálf. Sumir höfðu jafnvel lent í því áður að netföngin þeirra hafi verið misnotuð.

Meðal þátttakenda á námskeiðinu voru ungar stúlkur af heimili fyrir munaðarlaus börn og lögð var áhersla á að sýna þeim hvaða tækifæri felist í upplýsingatækni. Konur sem höfðu verið útskúfaðar úr



**Heyrnartól, töscur,
nestisbox með
Gogga, skjáir,
húsbúnaður og fleira
var einnig með í för.**

samfélaginu vegna misnotkunar voru einnig á námskeiðinu og var lögð áhersla á að kenna þeim að nota tækin og þau tækifæri sem tækniþyngingin gæti haft á líf þeirra. Það vaknaði nýtt líf í augum þeirra þegar þær áttuðu sig á rétti sínu til að lifa áfram í samfélaginu og að þær gætu átt líf eftir misnotkun.

„Tölvueign eykur mjög möguleika fólksins til atvinnu. Við heyrðum af stúlku í sambærilegu verkefni sem lært hafði á tölvu og hafði fengið vinnu í utanríkisráðuneytinu. Tölvurnar sem Íslandsbanki gaf voru 70 og ef hver tölva nýtist 7-10 manns þá mun þetta hjálparstarf skila því að 700 manns læra á tölvurnar sem voru gefnar. Því má segja að verkefnið ávaxti sig fram í framtíðina en það gefur gjöfinni ennþá meira virði.“ segir Brynjar.

Heyrnartól, töskur, nestisbox með Gogga, skjáir, húsbúnaður og fleira var einnig með í för en heyrnartólin vöktu sérstaklega mikla ánægju hjá fólkinu. Í ferðinni heimsóttu þau skóla fyrir börn og fullorðna sem bresk kona hefur rekið til fjölda ára. Breska konan flutti til Sierra Leone, giftist þarlendum manni og eignaðist með honum barn. Þegar maðurinn dó þá ásakaði fjölskylda hans hana um að hafa drepið hann. Hún ákvað þrátt fyrir það að halda áfram að hjálpa samfélaginu og sækir aðallega konur sem hafa verið útskúfaðar úr samfélaginu og kennir þeim að

þjarga sér sjálfum. Einnig kennir hún þeim um rétt þeirra til þess að búa í samfélaginu.

Á meðan dvölinni stóð heimsóttu Írunn og Brynjar heimili fyrir munaðarlaus börn og kenndu yfir 120 börnum taekwondo og færðu góðar gjafir. Starfsmaður á veitingastað í nágrenninu sem einnig er karatekennari ákvað að taka þátt í verkefninu. Hann ætlar síðan að taka við kennslunni tvisvar í viku og ætla Brynjar og Írunn að greiða launin hans.

„Það var mjög eftirminnilegt að kynnastr ungri amerískri konu sem rak einn af

skólunum sem við heimsóttum, en hún fór utan í hjálparstarf tvítug að aldri. Núna sex árum síðar rekur hún skólann og mamma hennar var einmitt á sama tíma að heimsækja hana í fyrsta sinn til þess að líta augum börnin sem dóttir hennar hafði tekið að sér.“ segja þau.

Eitt af því sem stendur upp úr í hugum þeirra er lífsgleði fólksins og nægjusemi. Það var engan bilbug á þeim að finna, þau voru glöð og hamingjusöm þrátt fyrir fátæktina. Sumir grétu af þakklæti þegar þeir fengu einfaldar hliðartöskur og heyrnartól og konur brustu í dans á götum úti við minnsta tilefni.





Stafræna bilið brúað

Halldór Gíslason, tölvunar- og viðskiptafræðingur hjá Íslandsbanka, gerðist á árinu sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi en hann fór til Malaví, Tansaníu, Búrúndí, Líberíu og Sambíu, og aðstoðaði systurfélög Rauða krossins þar við að brúa „hið stafræna bil“. Með því þjálfaði hann starfsfólk og sjálfbóðaliða í því að nýta sér betur kosti upplýsingatækninnar í starfi sínu. Gott upplýsingaflæði er sérstaklega mikilvægt á tímum neyðarástands þegar koma þarf

upplýsingum fljótt og örugglega á milli staða.

„Ég er svo heppinn að hafa fengið þetta einstaka tækifæri hér hjá Íslandsbanka; að fá að bæði sjá hluta af heiminum sem ég annars hefði aldrei fengið að sjá og að láta gott af mér leiða í leiðinni. Ég hef haft mikla ánægju af því að fá að vinna með fólki frá hinum ýmsu löndum, að fá að kynnast fólki með ólíkan bakgrunn, frá ólíkum menningarheimum og að kynnast heimi Rauða krossins.“ segir Halldór.

Í verkefninu var lykiláhersla lögð á sjálfbærni, en Microsoft heimilar Rauða kross landsfélögum í lágtekjuríkjum Afríku að nýta Office 365 hugbúnaðinn án endurgjalds. Einnig voru valdar leiðir við uppsetningu á hugbúnaði og tækjabúnaði sem ekki kalla á mikinn kostnað fyrir landsfélagið í framtíðinni hvað varðar viðhald og endurnýjun. Verkefnið kemur starfsfólki og sjálfbóðaliðum til góða í starfi og leiðir af sér að boðleiðir skerpast og íbúarnir njóta góðs af verkefninu til framtíðar. Skilvirkni hjálparstarfs Rauða krossins þar í landi eykst til muna með aðstoð upplýsingatækninnar. Utanríkisráðuneytið fjármagnar verkefnið en það var unnið í samstarfi við Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánann.

„Verkefnið var krefjandi en afar skemmtilegt og hef ég lært heilmikið í þessum þremur ferðum mínum til Afríku. Að Rauði krossinn á litla Íslandi skuli vera leiðandi í upplýsingatækniverkefni Alþjóðasambands Rauða krossins og að vinnuveitandinn minn skuli ákveða að fara í samstarf við Rauða krossinn, á nákvæmlega þeim tíma sem ég er að vinna hjá bankanum, finnst mér alveg ótrúleg tilviljun, sem ég mun vera ævinlega þakklátur fyrir.“ segir Halldór.



**118 milljónir
króna
söfnuðust
fyrir 152
góðgerðarfélög**



**REYKJAVÍKUR
MARAFON 35 ÁRA
ÍSLANDBANKA**
18. ÁGÚST 2018

135 milljónir til góðgerðarfélaga

Íslandsbanki styrkti góð málefni fyrir um 135 milljónir á síðasta ári. Önnur málefni sem bankinn styrkir eru meðal annars ýmis íþróttafélög, nemendafélög, ýmis félagasamtök, íþróttaviðburðir og fleira.

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Á síðasta ári var slegið met í áheimum í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka og hefur söfnunin aldrei verið stærri. Rúmlega 118 milljónir króna söfnuðust til 152 góðgerðarfélaga og er það um 20% aukning frá því árið áður þegar ríflega 97 milljónir króna söfnuðust. Í kringum 15 þúsund manns tóku þátt í hlaupinu á síðasta ári og voru

erlendir hlauparar fjögur þúsund talsins frá 87 löndum.

Íslandsbanki hefur stutt við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka síðtliðin 20 ár og aukið stuðning sinn við hlaupið á milli ára. Bankinn greiðir nú allan kostnað sem fellur til við söfnunina svo sem þróun og viðhald á tölvukerfi vegna heimasíðunnar og færslugjöld vegna áheita en áður fóru um 5% af ágóðanum í kostnað vegna hlaupsins.


Bankinn hefur einnig kostað vef Hlaupastyrks á undanförunum tíu árum og hafa 663 milljónir króna safnast í gegnum vefinn til góðra málefna á þeim

tíma. Íslandsbanki hefur einnig heitið á alla starfsmenn sína og tóku rúmlega 300 starfsmenn þátt á árinu 2017. Bankinn er stoltur af þessum glæsilega viðburði sem er hluti af samfélagsstefnu bankans og vonast til að aukið framlag efli viðburðinn enn frekar.

Safnað fyrir Ljósíð

Þau félög sem hlauparar söfnuðu mest fyrir á árinu 2017 voru „Hlaupið fyrir Láru“ en þar söfnuðust 11,8 milljónir, Ljósíð 9,7 milljónir og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna 5,4 milljónir. 113 af þeim 152 félögum sem safnað var fyrir fengu meira en 100.000 kr. í sinn hlut og 28 félög fengu meira en milljón kr.

Þróun áheita í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka
(m.kr.)



„Hlaupahópur Ljóssins var stofnaður á vordögum 2016 með það að markmiði að undirbúa áhugasama undir Reykjavíkumaraþon. Hópurinn var síðan endurvakinn aftur árið 2017. Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir sjúkraþjálfari er þjálfari hópsins en hún hefur nokkra reynslu af þjálfun og langhlaupum. Æfingarnar voru einu sinni í viku vítt og breitt um Laugardalinn og voru byggðar þannig upp að hver sem er gæti tekið þátt, hvort sem um var að ræða reyndan hlaupara, skemmtiskokkara eða byrjanda. Á æfingunum voru gerðar æfingar til að bæta styrk, auka hraða og bæta hlaupastíl, hreyfiteygjur og stuttir sprettir eða hraðaæfingar, auk þess sem að hver æfing



endaði á léttum teygjum. Strax á fyrstu æfingunni myndaðist mikil stemning og almenn gleði sem hélst út sumarið.“ segir Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins.

Hlaupaæfingarnar þóttu takast það vel að ákveðið var að halda þeim áfram eftir Reykjavíkumaraþon og voru þær því vikulega út september. Það var fjölbreyttur hópur sem mætti á æfingar, Ljósberar, makar og systkini, og voru flestir með það markmið að klára 10 kílómetra í Reykjavíkumaraþoni. Ákveðið hefur verið að hlaupahópurinn verði hluti af endurhæfingartilboðum Ljóssins.

„Mikil stemning skapaðist í kringum bæði hlaupin árið 2016 og 2017 og skilaði það sér í góðum styrkjum til Ljóssins en það er ómetanlegt fyrir starfsemina sem hefur þurft að treysta á framlög frá almenningi til

að halda starfinu gangandi. Núna eru um 400 manns á mánuði sem nýta sér fjölbreytt tilboð í heildrænni endurhæfingu hjá Ljósínu.“ segir Erna.

Ljósíð sinnir allri fjölskyldunni þegar einn greinist og þar vinnur stór hópur fólks með heilbrigðis og félagslega menntun. Markmiðið með þjónustunni er að veita stuðning í kjölfar greiningar, fræða um bjargráð, ýta undir virkni og félagslega þátttöku auk þess að viðhalda andlegu og líkamlegu þreki. Það skiptir miklu máli að horfa heildrænt á einstaklinginn til að batinn verði sem mestur. Allir sem nýta sér þjónustu Ljóssins koma í viðtöl til iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara og tengiliður heldur utan um viðkomandi allt tímabilið. Útbúin er einstaklingsmiðuð endurhæfingaráætlun í samvinnu við þjónustuþegann og fagteymið

vinnur saman að því að sinna eftirfylgd og endurmeta endurhæfingarþarfir. Þeir fagaðilar sem veita þjónustu í Ljósínu eru m.a. iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, sálfræðingur, fjölskyldumeðferðarfræðingur, næringarfræðingur, markþjálfari, heilsunuddarar, snyrtifræðingur og handverksfólk, auk þess eru aðrir fagaðilar sem sinna sérverkefnum t.d í fyrirlestrarformi og eru það hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, krabbameinssérfræðingar, kynfræðingur og fleiri.

Styrkurinn sem kemur inn frá Reykjavíkumaraþoninu fer í að viðhalda og efla starfsemina og nýtist því krabbameinsgreindum og fjölskyldum þeirra vel.



Íþróttir og æskulýðsmál

Íslandsbanki styður almenna lýðheilsu, líkamlega og andlega. Bankinn styrkir íþróttá- og æskulýðsstarf í þágu barna og ungmenna um land allt með styrkjum frá útibúum bankans. Íþróttafólk getur sótt um styrki í gegnum Styrktarsjóð Íslandsbanka og ÍSÍ sem stendur fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk.

Umhverfismál

Allir styrkir á sviði umhverfis- og umferðarmála fara í gegnum Umhverfissjóð Ergo. Ergo, sem er fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, hefur úthlutað umhverfisstyrkjum undanfarin ár en markmiðið með þeim er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sviði umferðar- og umhverfismála. Undanfarin ár hefur Ergo veitt fé í fjölbreytt verkefni, meðal annars er varða endurvinnslu á rusli frá fyrirtækjum, umhverfiskennslu til barna í gegnum app, þróun vindmyllu til orkusparnaðar í sumarhúsum, kort yfir hjólaleiðir á Íslandi, þríf í náttúrunni og fleira.

Forskot

Íslandsbanki er bakhjarl hjá Forskoti, afrekssjóði íslenskra kylfinga, sem var stofnaður með það að markmiði að styðja við þá kylfinga, atvinnumenn sem og áhugamenn, sem stefna á að komast í fremstu röð í golfíþróttinni. Jafnframt eru

veittir styrkir til áhugamanna í fremstu röð til einstakra verkefna.

Klasasamstarf

Hugmyndafræði klasasamstarfs gengur út á að sameina krafta ólíkra aðila á skipulögðum samstarfsvettvangi og nýta aflið sem þannig skapast sem drifkraft í nýsköpun og þróun. Íslandsbanki er bakhjarl Sjávarklasans sem starfrækir klasasamstarf rúmlega 60 hafsækinna fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í gegnum samstarfið öðlast fyrirtæki vettvang til að efna til samstarfs við önnur fyrirtæki, efla tengsl við frumkvöðla og taka þátt í öflugum samstarfsverkefnum og nýjum fyrirtækjum.

Bankinn hefur einnig tekið þátt í uppbyggingu á Jarðhitaklasanum en kjarni íslenska Jarðhitaklasans er samstarf fjölmargra fyrirtækja sem byggir á þörfum greinarinnar. Opinberar stofnanir og rannsóknaraðilar leggja jafnframt sín lóð á vogarskálarnar til að gera Jarðhitaklasann samkeppnishæfari. Möguleikar Íslands á sviði jarðhita eru einstaklega miklir þar sem að hér eru til staðar allir réttu grunnþættirnir; ríkulegur jarðhiti, mikil reynsla í borun og hagnýtingu jarðhitans og reynslumikið starfsfólk.



Ábyrg ferðapjónusta

Íslandsbanki er jafnframt einn af aðal styrktaraðilum Startup Tourism þar sem frumkvöðlar fá aðstoð við að gera hugmynd að veruleika. Jafnframt er bankinn einn af stofnaðilum Íslenska ferðaklasans sem er verkefnadrifið samstarf ólíkra fyrirtækja. Með þessu vill Íslandsbanki styðja við öfluga atvinnugrein, efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun íslenskrar ferðapjónustu.

Íslandsbanki skrifaði undir yfirlýsingu í byrjun árs 2017 um ábyrga ferðapjónustu en Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og Íslenski ferðaklasinn standa að verkefninu í samstarfi við Ferðamálastofu, SAF, Íslandsstofu, Stjórnstöð ferðamála, Markaðsstofu landshlutanna, Höfuðborgarstofu og Safetravel. Tilgangur verkefnisins er að gera Ísland að ákjósanlegum áfangastað ferðamanna um ókomna tíð. Íslandsbanki er lánveitandi til ferðapjónustunnar og á í viðskiptum við fyrirtæki í ferðapjónustu. Bankinn tekur þannig forystu og vill vera jákvætt hreyfiafl í samfélaginu. Markmiðin í ábyrgri ferðapjónustu eru að fyrirtæki í ferðapjónustu gangi vel um og virði náttúruna, tryggi öryggi gesta og komi fram við þá af háttvísi, virði réttindi starfsfólks, og hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið.

Ganga vel um og virða náttúruna: Markmið Íslandsbanka er að draga markvisst úr orkunotkun. Undir samfélagsábyrgð bankans heyra ábyrgar fjárfestingar og ábyrgar lánveitingar. Þegar Íslandsbanki tekur ákvarðanir tengdar fjárfestingum eða lánveitingum er tekið tillit til umhverfis-, samfélags og siðferðislegra málefna. Íslandsbanki vinnur að því að haga lánveitingum sínum þannig að auðveldara sé fyrir viðskiptavini að velja vistvæna kosti.

Tryggja öryggi gesta okkar og koma

fram við þá af háttvísi: Upplýsingar á vef Íslandsbanka um bankaþjónustu má nálgast á ensku. Eins geta ferðamenn líkt og aðrir leitað til þjónustuværs Íslandsbanka og

fengið aðstoð ef einhver vandamál koma upp er varða bankaviðskipti á meðan dvöl þeirra stendur.

Virða réttindi starfsfólks: Íslandsbanki tekur tillit til umhverfis-, samfélags og siðferðislegra málefna. Bankinn vill stunda viðskipti við fyrirtæki sem gera slíkt hið sama. Þannig hefur bankinn haft jákvæð áhrif á sína birgja þannig að þeir hugi að samfélagslegri ábyrgð og réttindum starfsfólks.

Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið:

Íslandsbanki er með öflugt greiningar- og fræðslustarf og reglulega er gefið út greiningarefni tengt ferðapjónustu sem allir geta nýtt sér. Hagaðilar geta því nýtt þær upplýsingar við ábyrga ákvarðanatöku.



